

## Álit

á frv. til fjárlaga 2008 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Fjárlaganefnd vísaði til umfjöllunar félags- og tryggingamálanefndar þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málavíði nefndarinnar, í samræmi við ákvæði þingskapalaga.

Í stuttu máli má segja að í fjárlagafrumvarpinu endurspeglar á málavíðni vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Þannig eru í frumvarpinu ýmsir óhnyttir endar vegna illa undirbúinna og vanhugsaðra breytinga innan stjórnsýslunnar. Við næstu áramót verða ýmsir málaflokkar fluttir til á milli ráðuneyta án þess að frá því hafi verið gengið á hvern hátt það skuli gert. Þá skal bent á að enn eru að störfum nefndir sem ætlað er að koma með breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið á síðustu dögum þingsins.

Þegar félags- og tryggingamálanefnd Alþingis er beðin um álit á þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem lýtur að verkum nefndarinnar ber því að hafa í huga að í ýmsum veigamestu málaflokkum sem koma til með að heyra undir ráðuneytið á komandi fjárlagaári liggja ekki enn fyrir tillögur undir þessum lið. Þannig segir í þeim kafla fjárlagafrumvarpsins sem fjallar um málefni félagsmálaráðuneytisins:

*"Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður hluti almannatrygginga fluttur frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmála-ráðuneytis frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytinga-tillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytt verkaskipti innan Stjórnarráðsins."*

Sá hluti almannatrygginga sem hér um ræðir snýr að einhverjum sverustu fyrirheitum sem stjórnarflokkarnir gáfu í aðdraganda Alþingiskosninganna sl. vor um stórbætt kjör aldara og öryrkja. Hvergi í fjárlagafrumvarpinu bólar á að þau fyrirheit verði efnd með þeim hætti sem heitið var.

Annar málaflokkur sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið og er ófrágenginn eru húsnæðismál. Á því sviði blasir við neyðarástand en engan veginn er útséð um að boðið verði upp á raunhæfar lausnir. Enn er að störfum nefnd sem ætlað er að finna lausnir sem duga. Benda má á að bæði húsaleigubætur og vaxtabætur hafa verið skertar og ekki fylgt vísitölu húsnæðiskostnaðar, en þeim var ætlað að koma til móts við tekjulágt fólk og jafna húsnæðiskostnaðinn. Tiltekinni upphæð verður samkvæmt frumvarpinu varið til að niðurgreiða lán til félagslegra aðila, en þó þannig að þeir þurfi að greiða vísitölubundin lán sem að auki bera 3,5% vexti til að fjármagna framkvæmdir. Reynslan hefur sýnt að vaxtagreiðslur af þessari stærðargráðu eru þessum félagslegu aðilum ofviða eigi þeir á annað borð að geta séð skjólstæðingum sínum fyrir húsnæði á viðráðanlegri leigu. Ekki er ýkja langt síðan félagsleg lán báru aðeins 1% raunvexti.

Þá er rétt að vekja athygli á því að engin tilraun er gerð til að rétta hlut Fæðingarorlofsjóðs. Kjör foreldra í fæðingarorlofi voru nýlega skert verulega með því að lengja viðmiðunartímabil greiðslna úr sjóðnum og voru ýmsir þeirra sem nú verma stóla stjórnarmeirihlutans gagnrýnir á þær skerðingar. Spurningar vakna nú þegar í ljós kemur að á þessu verði ekki gerð bragarbót.

Málefni fatlaðra heyra undir félagsmálaráðuneytið svo og öryrkja og aldara á komandi fjárlagaári. Rétt er að vekja athygli á því að stofnanir sem sinna málefnum þessara hópa eru og hafa verið um langt skeið fjársveltar með þeim afleiðingum að þeim hefur ekki haldist á starfsfólki og ekki reynst

unnt að sinna víðtækri þjónustu sem skyldi. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki að sjá merki þess að hér verði úr bætt á þann hátt að viðunandi sé.

Þá vekur furðu að ekki skuli með innihaldsríkum hætti vera gert ráð fyrir fjárhagslegum grundvelli stórra yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Ekki er t.d. gert ráð fyrir neinni teljanlegri hækkun til Jafnréttisstofu þótt henni sé nú ætlað meira og víðtækara hlutverk en áður við upprætingu kynjamisréttis í samfélaginu.

Það er og nauðsynlegt að ríkisstjórnin sé meðvituð um hversu áriðandi það er að bæta þjónustu við ört vaxandi hóp innflytjenda og erlends starfsfólks sem hingað kemur í síauknum mæli. Taka verður myndarlega á í þeim efnum en hingað til hefur mjög skort á samhæfðar aðgerðir stjórnvalda og fjármagn svo að vel megi vera.

Samhliða því sem að ofan er talið er ljóst að ekki er tekið á fjársveldi og ójöfnuði sveitarfélaga í millum með jafn myndarlegum hætti og á þarf að halda. Lítil og meðalstór sveitarfélög á landsbyggðinni standa svo veikt fjárhagslega að grípa verður nú þegar til sérstakra aðgerða til að styrkja tekjustofna þeirra. Í þessu samhengi er brýnt að endurskoða tekjuskiptinga ríkis og sveitarfélaga í heild sinni.

Undir félagsmálaráðuneyti heyrja fjölmargir málaflokkar er varða kjör og réttindi ýmissa hópa í samfélaginu sem eiga undir högg að sækja. Undirrituð hefði viljað sjá mun metnaðarfullra átak í fjárlagafrumvarpinu til að rétta kjör þessara aðila.

Alþingi, 13.nóv.2007  
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir